

**Ed.**

**1114. Frumvarp til laga**

[527. mál]

um breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Við 1. mgr. bætist ný mgr., 2. mgr., sem orðist svo:

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

1. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
2. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
3. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa t.l. enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
4. Að skip hafi verið felld af skipaskrá fyrra skráningarlands.

2. gr.

2. gr. hljóði svo:

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða sem veitt hefur verið undanþága samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

1. másl. 10. t.l. 4. gr. orðist svo:

Fullt nafn og heimilifang eiganda eða leigutaka samkvæmt 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Heimahöfn skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. ætlar því heimilifang.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að skipastóll skipafélaganna hafi verið endurnýjaður með leigu á skipum, aðallega þurrleigu og kaupleigu.

Með þurrleigusamningi er átt við leigu á skipi, þar sem leigutaki leigir skip til ákveðins tíma, mannar skipið, greiðir allan rekstrarkostnað og ber ábyrgð á öllu viðhaldi, tryggingum og rekstri skipsins. Skipin eru oftast leigð með kauprétti en fjárhagsleg skuldbinding leigutaka takmarkast við leigugreiðslur á leigutímabilinu.

Samkvæmt 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53/1970, er óheimilt að skrá skip hér á landi nema það sé í eigu íslenskra aðila eða íslensks fyrirtækis þar sem a. m. k.  $\frac{3}{5}$  hlutafjár eru í eigu íslenskra aðila.

Skip, sem eru í eigu erlendra aðila en í leigu íslenskra aðila samkvæmt samningi, eru því skráð erlendis.

Fyrir utan ýmislegt óhagræði sem er af slíkrri skráningu erlendis, fylgir henni umtalsverður kostnaður.

Við samningu þessa frumvarps var höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaga um skráningu loftfara. Samkvæmt þeim er unnt að skrá hér á landi flugvélar sem ekki eru í eigu íslensks aðila með sérstöku leyfi samgönguráðherra.

Skiparekstur er á sama hátt og flugrekstur fjármagnsfrekur og nauðsynlegt að skapa skipafélögnum meiri möguleika varðandi fjármögnun og leigu skipa.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heimilud verði undanþága frá kröfunni um íslenskt eignarhald til að unnt sé að skrá skip hér á landi.

Íslensk skrásetning skipa í eigu erlendra aðila, en sem rekin eru af íslenskum aðilum, hefur ýmsa kosti, m. a.:

1. Aðrar reglur gilda erlendis um skráningu skipa og getur óhagræði af því hlotist.
2. Gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum íslenskra sjómanna.
3. Endurnýjun skipastóls verður auðveldari.
4. Minni kostnaður.

Með því að takmarka íslenska skráningu erlendra skipa við undanþágur sem ráðherra veitir og með þeim skilyrðum sem hér er lagt til, ættu hagsmunir Íslendinga að vera tryggðir gagnvart þeim erlendu aðilum, sem hugsanlega vildu hefja hér kaupskipaútgærd.

Rétt er að vekja athygli á því að þessi breytingartillaga nær einungis til kaupskipa, ekki fiskiskipa.

Breyting til samræmis við 1. gr.	Um 2. gr.
Breyting til samræmis við 1. gr.	Um 3. gr.
Breyting til samræmis við 1. gr.	Um 4. gr.
Parfnast ekki skýringar.	Um 5. gr.